



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

Lagt fyrir 350. fund velferðarráðs 13. mars 2019
VEL2019030014
RÁ/at/hjb

Tillaga

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni: Tillaga um samþykkt nýrra reglna Reykjavíkurborgar um notendastýrða persónulega aðstoð (NPA).

Lagt er til að velferðarráð samþykki tillögu að nýjum meðfylgjandi reglum Reykjavíkurborgar um notendastýrða persónulega aðstoð (NPA).
Fjárheimild sviðsins vegna NPA þjónustuforms fyrir árið 2019 er 445,6 mkr.

Greinargerð:

Reglur þessar eru settar í kjölfar nýrra laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 sem tóku gildi 1. október 2018 en með þeim varð notendastýrð persónuleg aðstoð að lögbundnu þjónustuformi. Í lögnum gengið út frá ákvæðum samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks en lögin taka til þeirra sem hafa þörf fyrir meiri eða sérhæfðari stuðning/þjónustu en fullnægt verður á grundvelli laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 41/1991.

Þann 27. desember 2018 tók gildi reglugerð um notendastýrða persónulega aðstoð nr. 1250/2018. Reglur Reykjavíkurborgar um notendastýrða persónulega aðstoð við fatlað fólk sem hér eru lagðar fram grundvallast á 11. gr laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018, fyrrgreindri reglugerð um NPA, reynslu af tilraunaverkefni um NPA, þróun þess og ábendingum sem bárust frá notendum, hagsmunasamtökum og starfsmönnum á tilrauna- og undirbúningstíma. Reglurnar munu áfram mótast á innleiðingartímanum og þróast af reynslu og mati á því hvernig tekst að koma til móts við þarfir fatlaðs fólks svo það megi lifa sjálfstæðu og virku lífi. Reglurnar gilda til 31. desember 2022

Reglurnar hafa verið unnar í samráði við fulltrúa málefnaþóps Öryrkjabandalags Íslands um sjálfstætt líf frá upphafi. Þá hefur og verið haft samráð við fulltrúa NPA-miðstöðvar, Proskahjálpar og Átaks við gerð reglanna. Afar gagnlegar ábendingar og athugasemdir hafa borist frá hagsmunaaðilum og góðar umræður átt sér stað á samráðsfundum sem hafa nýst vel við gerð reglanna.

Fjárheimild sviðsins vegna NPA þjónustufarms fyrir árið 2019 er 445,6 mkr. Athygli er vakin á því að reglugerð um NPA sem tók gildi 27. desember 2018 leggur á frekari kostnað sem ekki var gert ráð fyrir í áætlun velferðarsviðs.

Fylgiskjöl:

1. Drög að reglum Reykjavíkurborgar um notendastýrða persónulega aðstoð (NPA)
2. Minnisblað, dags. 13. mars 2019
3. Jafnréttisskimun